

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Hafnarbraut 17-23. Bakkabraut 12, 14, 16. Svæði 9. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 23. ágúst 2018 breytingu á deiliskipulagi Hafnarbrautar 17-23 og Bakkabrautar 12, 14 og 16. Í tillögunni er gert ráð fyrir að núverandi atvinnuhúsnæði á lóðunum, samtals um 1.800 m<sup>2</sup> að flatarmáli, byggð á árunum 1968, 1974, 1983 og 1985 verði rífið og tvö fjölbýlishús byggð í þess stað. Húsið að Hafnarbraut 17-19 verður fjórar hæðir með fimmtu hæðina inndregna með alls 47 íbúðum, 50 bílastæði í kjallara og 7 stæði á lóð eða 1,2 stæði á íbúð. Húsið að Hafnarbraut 21-23 verður fjórar hæðir með fimmtu hæðina inndregna með alls 45 íbúð um og um 160 m<sup>2</sup> verslunarrými á jarðhæð, 50 bílastæði í kjallara og 7 stæði á lóð eða 1,2 stæði á íbúð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 10. október 2018.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2018